

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir dýralækna nr. 114 20. september 1948.

1. gr.

8. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir að skoða og stimpla hvern skrokk:

Sauðfé, geitfé kr. 0.90.

Þegar slátrað er yfir 300 kindum á dag í sláturhúsi, er skoðunargjaldið kr. 0.60 fyrir hvern skrokk.

Naut, hross, svín kr. 14.50.

Kálfar, grísir kr. 7.25.

Verðlagsvísitöluuppbót greiðist ekki á skoðunargjald samkvæmt 1. mgr.

Þurfi dýralæknir að annast kjötskoðun fjarri heimili sínu, ber sláturhúsi því, er hann skoðar kjötið fyrir, að sjá honum fyrir greiðum farkosti eða greiða honum fyrir farkost, ef hann leggur hann til sjálfur.

2. gr.

Gjöld samkvæmt öðrum greinum gjaldskrárinnar en 8. gr. skulu innheimt með 25% álagi.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 124 22. desember 1947, um dýralækna, og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 138 25. september 1961.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1962.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 190.

REIKNINGAR TRYGGINGASTOFNUNAR RÍKISINS

Efnahagsreikningur Slysatrygginga 31. des. 1961.

Eignir:

I. Sjóður og bankainnstæður	kr. 50094495.39
II. Ýmsir skuldunautar:	
1. Óinnheimt iðgjöld skyldutrygginga	kr. 3343442.66
2. Óinnheimt iðgjöld frjálsra slysatrygginga —	353016.40
3. Endurtryggjendur	— 201399.58
	— 3897858.64
III. Ógreiddir vextir	— 688975.77
IV. Verðbréf	— 14110265.67
V. Áhættufé í Ísl. endurtryggingu	— 60000.00
	—
	Kr. 68851595.47